



“ Þekking, reynsla og þróun eru skref sem leiða til aukinnar fjölbreytni í atvinnusköpun samfélagsins. Uppbyggingarsjóður Suðurlands hefur gert okkur það kleift að afla aukinnar þekkingar til að auka fjölbreytni í íslenskri sauðfjárrækt. Sjóðurinn er farvegur sem vert er að skoða, leiðbeinandi og styrkjandi á allan hátt.

- Kristbjörg Hilmarsdóttir, feldfjárbóndi



“ Þegar um hugsjónaverkefni er að ræða eins og Njálurefillinn er þá skiptir öllu máli að geta fengið styrki til að halda áfram með verkefnið, fara í vöruþróun, framleiða minjagrip og halda verkinu lifandi.

- Gunnhildur E. Kristjánsdóttir, frumkvöðull



“ Fjármagn Uppbyggingarsjóðs SASS hefur gert okkur kleift að fara út í kostnaðarsama vöruþróun á nýjum framleiðsluvörum fyrirtækisins. Við höfum átt áralangt farsælt samstarf við sunnlenska nýsköpunarsjóði sem hefur verið fyrirtækinu farsælt og leitt til eflingar fyrirtækisins.

- Grímur Þór Gíslason, framleiðslustjóri



“ Þessi styrkur réði úrslitum og veitti okkur dýrmætan samfelldan tíma við að koma sköpun verksins af stað.

- Friðrik Erlingsson, rithöfundur  
Óperan um Ragnheiði Brynjólfsdóttur

# UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður.  
Sjóðurinn úthlutar nýsköpunar- og menningar-  
styrkjum tvisvar á ári til áhugaverðra verkefna.





### Ertu með frábæra **HUGMYND?**

Að menningarviðburði? Nýrri vöru, þjónustu eða markaðssókn hjá starfandi fyrirtæki? Eða kannski glænýrri viðskiptahugmynd?



### Sendu inn **STYRKUMSÓKN**

Ferlið er einfalt, verkefnið er mótað og umsókn send í gegnum rafrænt umsóknarform á vef SASS. Sjóðurinn fjármagnar 50% af styrkhæfum kostnaði og telst vinnuframlag styrkþega sem mótframlag.



### Færðu **SAMÞYKKI?**

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður sem metur umsóknir út frá ákveðnum matsþáttum. Matsþættirnir eru aðgengilegir á vef SASS. Láttu þá ekki fram hjá þér fara.



### Styrknum **ÚTHLUTAÐ**

Um 50% verkefna sem sækja um í sjóðinn fá úthlutað og er ekkert hámark á einstökum styrkveitingum. Vandaðu til verka og auktu líkurnar enn frekar á að þitt verkefni verði fyrir valinu.



### Verkefni **FRAMKVÆMT**

Gerður er samningur milli SASS og styrkþega um þau verkefni sem hljóta styrk. Þá er ekkert annað að gera en að hefjast handa!

## 1 Menningarverkefni

Til eflingar á menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi

## 2 Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Styðja við atvinnuskapandi og/eða framleiðni- aukandi verkefni á Suðurlandi

Starfandi fyrirtæki eru sérstaklega hvött til að sækja um

## RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Þú hefur aðgengi að ráðgjafa sem aðstoðar þig í öllum skrefum ferlisins. Ráðgjafarnir eru með starfsstöðvar um allt Suðurland. Þjónustan er gjaldfrjálss upp að ákveðnu marki. Umsækjendur eru hvattir til að hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna. Finndu þinn ráðgjafa á [sass.is/radgjof](http://sass.is/radgjof).

@ STYRKIR@SASS.IS  WWW.SASS.IS  S. 480-8200

